



**Brunavarnir Austur-Húnavatnssýslu**  
**Fundargerð**  
**1. júní 2017**

Fimmtudaginn 1. júní 2017 kom stjórn Brunavarna A-Húnavatnssýslu saman til fundar á skrifstofu Blönduósbæjar kl. 15:00. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

- 1. Kaup á slökkvibifreið**
- 2. Önnur mál**

**Afgreiðslur:**

Arnar Þór Sævarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Arnar Þór Sævarsson var skipaður fundarritari.

**Dagskráliður 1**

Jón Jóhannsson slökkviliðsstjóri kynnti tilboð í fullbúna MAN slökkvibifreið sem smíðaður er af Feuerwehrtechnik Berlin.

Slökkviliðsstjóra er falið að ganga til samninga við þýska fyrirtækið um kaup á bifreiðinni.

Gert er ráð fyrir að að BAH greiði með eigið fé 13,5 m.kr. og eftirstöðvar verði greitt með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga allt að 15. m.kr. Framkvæmdastjóra falið að sækja um lán til Lánasjóðs sveitarfélaga.

Ákvörðun um kaup á slökkvibifreiðinni er með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps.

**Dagskrárliður 2**

Önnur mál engin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15.45

Valdimar Guðmannsson (sign)

Þorleifur Ingvarsson (sign)

Arnar Þór Sævarsson (sign)

Jón Jóhannesson (sign)